

## UPPELDI OG LESTUR

*Í þessari grein eru raktar niðurstöður rannsóknar á því hvernig tómskundavenjur flytjast milli kynslóða og var sérstök áhersla lögð á að athuga samhengið milli hvatningaradferða foreldra og lestraráhuga barna. Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar og var rannsóknargagna aflað með opnum viðtölum. Þátttakendur voru meðlimir tólf fjölskyldna, börn á aldrinum tíu til tólf ára, foreldrar þeirra og afar og ömmur, í föður- og móðurætt, alls 74 einstaklingar. Kenningar Baumrind um áhrif mismunandi uppeldisaðferða á persónuleikamótun barna voru notaðar til að skoða samhengið milli hvatningaradferða foreldra og lestraráhuga barnanna. Niðurstöðurnar benda til að samhengi sé milli þeirra hvatningaraðferða sem foreldrar notuðu og þess hvernig lestraráhugi barnanna þróaðist. Algengast var að foreldrar þeirra barna sem höfðu lítinn áhuga á lestri notuðu eftirlátssamar eða skipandi aðferðir. Ýmist annað eða báðir foreldrar þeirra barna sem höfðu áhuga á lestri notuðu leiðandi hvatningaraðferðir. Í fjölskyldum þessara barna var lestur jafnframt sameiginlegt áhugamál foreldra og barna, félagsleg samskipti í kringum hann voru mikil og lestur var hluti af daglegu fjölskyldulífi heimilismanna.\**

Ísland hefur á undanförnum árum tekið þátt í norrænni rannsókn sem hefur það markmið að kanna nokkra sálfræðilega og félagslega þætti sem tengjast lestrar- og fjölmiðlavenjum innan fjölskyldunnar. Á síðastliðnum áratugum hafa örar samfélagsbreytingar átt sér stað á Norðurlöndunum. Þetta á sérstaklega við um þær aðstæður sem fjölskyldan býr við þar sem forsendur foreldra til uppeldis og þar með uppvaxtarskilyrði barna hafa tekið töluverðum breytingum. Jafnframt hafa orðið stórstígar breytingar á möguleikum á notkun fjölmiðla og á valkostum þeirrar kynslóðar sem nú er að vaxa úr grasi um tómskundaiðkun. Framboð á menningar- og skemmtiefni hefur aukist mikið og að sama skapi hafa hugmyndir og venjur fólks þróast. Bækur eru í vaxandi samkeppni við aðra miðla um tíma og athygli fólks og því var talin þörf á að rannsaka hvaða afleiðingar þessar breytingar hafa í för með sér fyrir ritmenninguna.

Niðurstöður erlendra rannsókna á tómskundalestri barna sýna meðal annars að börn sem hafa áhuga á lestri eru yfirleitt virk í tómskundum sínum og taka þátt í

\* Rannsóknin nefnist *Skriftkultur og mediebrug i Nordiske Familier* og auk Íslands taka Danmörk, Noregur og Svíþjóð þátt í henni. Stjórn norrænu rannsóknarinnar fyrirhugar að vinna sameiginlegar niðurstöður úr rannsóknum landanna fjögurra að þeim loknum. Grein þessi byggist á meistaraþrófsritgerð höfundar en hún afmarkaðist við íslenska hluta norrænu rannsóknarinnar og jafnframt við þann þátt rannsóknarinnar sem beindist að því að athuga með hvaða hætti lestrarvenjur og viðhorf til lesturs flytjast á milli þriggja kynslóða, þar sem sérstök áhersla er lögð á að rannsaka lestrarvenjur á æskuárum og hvert hlutverk fjölskyldunnar er sem áhrifavalds á þessu sviði.